VIÐAUKI

Ríki þar sem ákvæði um viðurkenningu til handa starfsmönnum sem 1. gr. tekur til gilda við gildistöku samningsins.

BILAG

Stater, hvor bestemmelser om godkendelse af erhvervsudövere, som omfattes af artikel 1, gælder ved overenskomstens ikrafttræden.

Starfsstétt Personalegruppe	Ríki Stat			
	Danmörk Danmark	Finnland Finland	Noregur Norge	Svíþjóð Sverige
1. læger *læknar*	x	x	x	x
2. tandlæger *tannlæknar*	x	x	x	x
3. sygeplejersker *hjúkrunarfræðingar*	x	x	x	x
4. provisorer *lyfjafræðingar*	x	x	x	x
5. fysioterapeuter *sjúkraþjálfarar*	x	x	x	x
6. ergoterapeuter *iðjuþjálfar*	x	—	x	—
7. jordemødre *ljósmæður*	x	x	x	x
8. sundhedsplejersker *heilsugæsluhjúkrunarfræðingar*	x	—[1]	x	x
9. optikere *gleraugna- og sjónfræðingar*	—	x	—	x
10. psykologer *sálfræðingar*	—	—	x	x
11. receptarer *aðstoðarlyfjafræðingar*	—	x	x	x
12. radiografer *röntgentæknar*	—	x	x	—
13. plejere *gæslumenn*	—	x	x	—
14. tandplejere —	x	—	x	x
15. klinikassistenter *aðstoðarmenn tannlækna*	—	x	—	(x)[2]
16. laboratorietandteknikere *tannsmiðir*	—	x	(x)[2]	(x)[2]
17. sygehjælpere *sjúkraliðar*	—	x	x	—
18. dyrlæger *dýralæknar*	x	x	x	x

1) Réttarreglur gilda um grunnmenntun heilsugæsluhjúkrunarfræðinga.
Retlig regulering gælder for grunduddannelsen af sundhedsplejersker.
2) Gildandi ákvæði eiga við starfa í tannlæknaþjónustu.
Gældende bestemmelser refererer til ansættelse inden for folketandplejen.

22. júní 1982 Nr. 8

AUGLÝSING

um fullgildingu Norðurlandasamnings um samstarf stjórnvalda á sviði starfsendurhæfingar og starfsmenntunar.

Í dag var danska utanríkisráðuneytinu afhent fullgildingarskjal Íslands vegna Norðurlandasamnings um samstarf stjórnvalda á sviði starfsendurhæfingar og starfsmenntunar. Samningurinn var undirritaður í Kaupmannahöfn 6. mars 1982. Alþingi hafði með ályktun 3. maí 1982 heimilað ríkisstjórninni að staðfesta samninginn.

Tilkynnt verður um gildistöku samningsins síðar.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 22. júní 1982.

Ólafur Jóhannesson.

Hörður Helgason.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um samstarf stjórnvalda og stofnana á sviði starfsendurhæfingar og starfsmenntunar

Ríkisstjórnir Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, sem hafa gert með sér samning um sameiginlegan vinnumarkað, hafa ákveðið að gera eftirfarandi samning um samstarf stjórnvalda og stofnana á sviði starfsendurhæfingar og starfsmenntunar. Samningurinn er byggður á þeirri meginreglu að hvert land fyrir sig komi á fót nægilegri starfsemi á sviði starfsendurhæfingar og starfsmenntunar til þess að fullnægja þörfum í landinu.

1. gr.

Þessi samningur miðar að því að auka í sérstökum tilvikum möguleika til starfsendurhæfingar og starfsmenntunar fyrir atvinnuleitendur sem hafa fasta búsetu í einhverju hinna samningslandanna, hvort sem þeir eru ríkisborgarar norræns lands eða ekki.

Í samræmi við það sem segir í þessum samningi skulu hlutaðeigandi stjórnvöld í samningslöndunum eiga þess kost að nota hvers annars stofnanir til starfsendurhæfingar og starfsmenntunar í eftirtöldum tilvikum:

a. á landamærasvæðum þegar starfsendurhæfingarstofnun eða starfsmenntastofnun annars samningslands er nær eða aðgengilegri fyrir umsækjanda en stofnun í búsetulandinu eða

b. þegar endurhæfingarstofnun eða starfsmenntamiðstöð eða samsvarandi starfsmenntun í landinu hefur að bjóða sérstaka möguleika sem umsækjendur eiga ekki kost á í búsetulandinu.

2. gr.

Veita má umsækjanda aðgang að stofnun fyrir starfsendurhæfingu eða starfsmenntun í öðru samningslandi þegar stofnunin eða það stjórnvald sem veitir aðgang að henni hefur samþykkt það.

3. gr.

Kostnað vegna endurhæfingar eða starfsmenntunar sem þessi samningur miðast við greiðir búsetulandið samkvæmt taxta sem yfirmaður hlutaðeigandi stofnunar setur.

Sá sem tekur þátt í starfsendurhæfingu eða starfsmenntun samkvæmt þessum samningi skal fá þá styrki sem veittir eru við hliðstæða endurhæfingu eða menntun í búsetulandinu. Þessa styrki skulu stjórnvöld í búsetulandinu inna af hendi.

OVERENSKOMST

mellem Danmark, Finland, Island, Norge og Sverige om samarbejde mellem myndigheder og institutioner inden for erhvervsmæssig revalidering og arbejdsmarkedsuddannelserne

Regeringerne i Danmark, Finland, Island, Norge og Sverige, som har indgået overenskomsten om fælles nordisk arbejdsmarked, har besluttet at indgå følgende overenskomst om samarbejde mellem myndigheder og institutioner inden for erhvervsmæssig revalidering og arbejdsmarkedsuddannelserne. Overenskomsten er baseret på det princip, at hvert enkelt land selv tilvejebringer tilstrækkelig kapacitet inden for erhvervsmæssig revalidering og arbejdsmarkedsuddannelserne til at dække det nationale behov.

Artikel 1

Denne overenskomst har til formål i særlige tilfælde at øge mulighederne for adgang til erhvervsmæssig revalidering og arbejdsmarkedsuddannelse for arbejdssøgende, såvel nordiske som ikke-nordiske statsborgere, som er fast bosiddende i noget af de øvrige kontraherende lande.

Vedkommende myndigheder i de kontraherende lande skal i overensstemmelse med bestemmelserne i denne overenskomst kunne anvende hinandens institutioner for erhvervsmæssig revalidering og arbejdsmarkedsuddannelse i følgende tilfælde:

a) i grænseområder, når et andet kontraherende lands institution for erhvervsmæssig revalidering eller arbejdsmarkedsuddannelse ligger nærmere eller er lettere tilgængelig for den person, der søger revalidering eller erhvervsuddannelse, end hjemlandets, eller

b) når der ved en revalideringsinstitution eller en arbejdsmarkedsuddannelsesinstitution eller en tilsvarende national ordning for arbejdsmarkedsuddannelse findes sådanne specielle ressourcer, som den person, der søger revalidering eller erhvervsuddannelse, ikke har adgang til i det land, hvor han er bosiddende.

Artikel 2

En person, der søger revalidering eller erhvervsuddannelse, kan tildeles plads på en institution for erhvervsmæssig revalidering eller arbejdsmarkedsuddannelse i et andet kontraherende land, såfremt institutionen eller den myndighed, der råder over pladserne, har givet samtykke hertil.

Artikel 3

Godtgørelse for driftsudgifter i forbindelse med revaliderings- eller uddannelsesvirksomhed, som er omfattet af denne overenskomst, ydes af det land, hvor vedkommende er bosiddende, i henhold til en takst, som fastsættes af den pågældende institutions leder.

En person, der deltager i erhvervsmæssig revalidering eller arbejdsmarkedsuddannelse i henhold til denne overenskomst, har ret til at modtage de ydelser, der gives ved tilsvarende revalidering eller uddannelse i det land, hvor han er bosiddende. Disse ydelser skal udredes af myndighederne i det land, hvor han er bosiddende.

4. gr.

Þessi samningur tekur ekki til verndaðrar vinnu og starfsmenntunar innan hins almenna skólakerfis eða starfsmenntamiðstöðvar Norðurkollu. Samningurinn tekur þó til þeirrar vernduðu vinnu sem stofnað er til í allt að sex mánuði með starfsprófun eða starfsþjálfun fyrir augum.

5. gr.

Norræna vinnumarkaðsnefndin skal, að fengnu áliti annarra hlutaðeigandi stjórnvalda, semja reglur um framkvæmd þessa samnings.

6. gr.

Óski land að segja samningnum upp skal skrifleg tilkynning um það send danska utanríkisráðuneytinu, sem skal skýra ríkisstjórnum hinna norrænu landanna frá því.

Uppsögnin gildir aðeins fyrir það land sem upp segir og gildir hún frá og með byrjun þess almanaksárs sem hefst að liðnum að minnsta kosti sex mánuðum frá því að danska utanríkisráðuneytinu barst tilkynning um uppsögnina.

7. gr.

Samning þennan skal fullgilda og fullgildingarskjölunum komið til varðveislu í danska utanríkisráðuneytinu.

Samningurinn gengur í gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst að liðnum tveim heilum almanaksmánuðum frá þeim degi er öll löndin hafa afhent fullgildingarskjöl sín til varðveislu.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa umboð ríkisstjórna sinna, undirritað samning þennan.

Gjört í Kaupmannahöfn 6. mars 1982 í einu eintaki á íslensku, dönsku, finnsku, norsku og sænsku, og eru allir textarnir jafngildir.

Samningi þessum skal komið til varðveislu í danska utanríkisráðuneytinu sem skal koma staðfestum afritum til hinna samningslandanna.

Artikel 4

Beskyttet beskæftigelse og arbejdsmarkedsuddannelse inden for det almindelige undervisningssystem eller på Nordkalottens center for arbejdsmarkedsuddannelse er ikke omfattet af denne overenskomst. Overenskomsten omfatter dog beskyttet beskæftigelse af en varighed på højst seks måneder, som finder sted som led i arbejdsprøvning eller oplæring.

Artikel 5

Nordisk Arbejdsmarkedsudvalg skal efter høring af andre berørte myndigheder fastsætte retningslinier for gennemførelsen af denne overenskomst.

Artikel 6

Ønsker et land at opsige denne overenskomst, skal skriftlig meddelelse herom tilstilles det danske udenrigsministerium, sem skal underrette de øvrige nordiske landes regeringer herom.

Opsigelsen gælder kun det land, som har foretaget opsigelsen, og får virkning fra og med begyndelsen af det kalenderår, som følger mindst seks måneder efter, at det danske udenrigsministerium har modtaget meddelelse om opsigelsen.

Artikel 7

Denne overenskomst skal ratificeres og ratifikationsinstrumenterne deponeres hos det danske udenrigsministerium.

Overenskomsten træder i kraft den første dag i den måned, som følger to hele kalendermåneder efter den dag, da samtlige landes ratifikationsinstrumenter er deponeret.

Til bekræftelse heraf har undertegnede, der er befuldmægtigede af deres regeringer, undertegnet denne overenskomst.

Udfærdiget i København den 6. marts 1982 i ét eksemplar på dansk, finsk, islandsk, norsk og svensk, idet samtlige tekster skal have samme gyldighed.

Overenskomsten deponeres hos det danske udenrigsministerium, som skal overgive bekræftede genparter til de øvrige kontraherende lande.